

Íbúaráð Grafarvogs

Ár 2022, mánudaginn 5. september, var haldinn 31. fundur íbúaráðs Grafarvogs. Fundurinn fór fram í Austurmiðstöð - Miðgarði og hófst kl. 16:32. Viðstödd voru: Fanný Gunnarsdóttir, Árni Guðmundsson, Ingimar Þór Friðriksson, og Tómas Örn Guðlaugsson. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 9. júní 2022, um kosningu þriggja fulltrúa og þriggja til vara í íbúaráð Grafarvogs. Fanný Gunnarsdóttir var kosinn formaður íbúaráðs Grafarvogs. MSS22050058
2. Lagt fram slembival í íbúaráð Grafarvogs. Tómas Örn Guðlaugsson tekur sæti sem slembivalinn fulltrúi í íbúaráði Grafarvogs og Margrét Helgadóttir til vara. MSS22080029
3. Lögð fram tilnefning íbúasamtaka í íbúaráð Grafarvogs. Árni Guðmundsson tekur sæti í íbúaráði Grafarvogs fyrir hönd íbúasamtaka og Bjarni Þór Þórólfsson til vara. MSS22080029
4. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 10. febrúar, um samþykkt borgarráðs á tillögum stýrihóps um innleiðingu íbúaráða. MSS21120181

Íbúaráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Áréttað er nauðsyn þess að koma upp ásættanlegum fjarfundarbúnaði á heppilegum stað í hverfinu, svo íbúaráðið geti sinnt hlutverki sínu með tilhlýðilegum hætti. Þannig yrði hægt að funda með staðfundarfyrirkomulagi og fjarfundarbúnaði á sama tíma.

- 17:02 tekur Kjartan Magnússon sæti á fundinum.
5. Lögð fram samþykkt fyrir íbúaráð Reykjavíkur. MSS22080241
 6. Lögð fram drög að fundadagatali íbúaráðs Grafarvogs. MSS22080127
Samþykkt.
 7. Fram fer umræða um Römpum upp Ísland og ósk forsvarsmanna verkefnisins um ábendingar íbúaráða. MSS22020088
Samþykkt að fela formanni í samvinnu við ráðið að leggja fram yfirlit yfir ábendingar á næsta fundi.
 8. Lagt fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 17. ágúst 2022, um umferðaröryggisaðgerðir 2022. USK22080011
 - 17.30 tekur Ragnar Harðarson sæti á fundinum.
 9. Lagt fram svar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 25. ágúst 2022, við fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs um verklok verkefnis um eftirlitsmyndavélar í Hverfið mitt frá 2018, sbr. 5. lið fundargerðar ráðsins frá 11. maí 2022. MSS22070059

Íbúaráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Grafarvogs óskar eftir því að lýðræðisleg kosning íbúa sé virt og án tafar verði farið í að undirbúa uppsetningu eftirlitsmyndavéla við alla innganga/útganga bifreiða í hverfið okkar. Að sjálfsögðu þarf að gæta persónuverndar og að meðhöndlun þessa streymis sé trygg lögum samkvæmt. Þó svo að verið sé að vinna að heildarstefnumótun þessara mála hjá Reykjavíkurborg þá teljum við að það eigi ekki að stöðva okkur í að fara að vilja íbúa í þessu efni. Íbúaráð telur einnig skynsamlegt að byggja á reynslu þeirra sveitarfélaga sem sett hafa upp þennan öryggisbúnað á undanförunum árum með ágætis árangri.

10. Fram fer umræða um Borgin okkar 2022 - hverfin. MSS22040042
11. Fram fer umræða um Hverfissjóð Reykjavíkurborgar. MSS22040019
12. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090031
13. Íbúaráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um framtíð hverfastöðvar á Sævarhöfða og málefna Sorpu almennt í Grafarvogi. MSS22090039

Vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða.

14. Íbúaráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Íbúaráð Grafarvogs óskar eftir að fá lista yfir allar athugasemdir/ábendingar og tillögur sem tengjast bættu umferðaöryggi í Grafarvogi og Bryggjuhverfi. Með þessum lista fylgi tillaga að mögulegum umbótum, kostnaðaráætlun mögulegra umbóta og útlistun á hvernig forgangsroðun verkefna er unnin. MSS22090040

Vísað til umsagnar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Fundi slitið kl. 18:48

Fanný Gunnarsdóttir

Ingimar Þór Friðriksson
Kjartan Magnússon

Árni Guðmundsson
Tómas Örn Guðlaugsson